

## FUNDARGERÐ

236. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

haldinn í Efstaleiti 1, 103 Reykjavík, 15. desember 2021 og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennirnir Jóhanna Hreiðarsdóttir, Björn Ólafsson, Mörður Áslaugarson, Guðlaugur G. Sverrisson, Marta Guðrún Jóhannesdóttir, Jón Ólafsson, Brynjólfur Stefánsson og Margrét Tryggvadóttir í fjarveru Marðar Árnasonar. Ragnheiður Elín Árnadóttir sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Einnig sátu fundinn Hrafnhildur Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Anna Bjarney Sigurðardóttir framkvæmdarstjóri fjármála og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

### 1) Fundargerð

Fundargerð síðasta fundar var borinn upp og samþykkt.

### 2) Fjármál – rekstraráætlun 2022

Framkvæmdastjóri fjármála kynnti afkomuhorfur í nóvember og fyrir allt árið 2021. Í nóvember hafi sala á auglýsingum gengið vel og útlit sé fyrir að rekstrarkostnaður verði samkvæmt áætlun. Afkoman í nóvember verði því að öllum líkindum betri en ráðgert var. Þá sé einnig gert ráð fyrir að árið 2021 skili hagnaði, tekjur vegna sölu auglýsinga verði meiri en áætlað var, en rekstrarkostnaður verði einnig meiri. Þá var rekstrar- og fjárfestingaráætlun fyrir árið 2022 lögð fram. Þjónustutekjur á árinu verða 5.085 m.kr. samkvæmt fjárlagafrumvarpi. Það sé hækkun um 9,2% milli ára, en á árinu 2021 lækkuðu þjónustutekjurnar um 3,5% milli ára. Að auki sé áætlað að aðrar tekjur hækki lítillega milli ára.

Á gjaldahliðinni í rekstraráætluninni sé launakostnaður stærsti einstaki kostnaðarliðurinn eða 46% af heildarútgjöldum án afskrifta og fjármagnsliða. Gert sé ráð fyrir kjarasamningsbundnum launahækkunum. Annar rekstrar- og dagskrárkostnaður muni hækka á milli ára og helsta skýringin séu stórir íþróttaviðburðir á rekstrarárinu 2022.

Gert sé ráð fyrir töluverðum kostnaði við endurbætur á Útvarpshúsinu og einnig verði lögð áhersla á öryggismál. Samkvæmt rekstraráætlun ársins 2022 verði hagnaður 16,9 m.kr. Þá var fjárfestingaáætlun kynnt, en á árinu sé gert ráð fyrir fjárfestingum fyrir 495 m.kr. Áherslur verða á húsnæðið, öryggismál, uppfærslu á framleiðslubúnaði o.fl.

Að lokinni kynningu var rekstraráætlun og fjárfestingaráætlun ársins 2022 samþykkt af stjórn.

### 3) Minnisblað útvarpsstjóra

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir stöðu og framvindu vinnu við stefnumótun. Stjórn óskaði eftir frekari upplýsingum um hver séu helstu áherslurnar í stefnumótunavinnunni en stefnumótunavinnan hefur dregist nokkuð á langinn. Útvarpsstjóri áætlað að stjórn muni hittast í þriðju vikunni í janúar til þess að hefja vinnuna með stefnuskjalið.

Stjórn óskaði eftir upplýsingum hvort að stjórnin myndi fá að sjá drögin að siðareglunum áður en þær verða samþykktar.

### 4) Kynning Rásar 2 og númiðla

Baldvin Þór Bergsson kynnti starfsemi Rásar 2 og númiðla.

### 5) Starfshópur um fasteign RÚV

Stjórn ákvað að setja á fót starfshóp um húsnæðismál RÚV. Í starfshópnum sitji Jóhanna Hreiðarsdóttir, Jón Ólafsson og Guðlaugur G. Sverrisson. Björn Ólafsson og Marta Guðrún Jóhannesdóttir verða varamenn.

MT

BS  
W  
MA

6) Önnur mál

Fundi slitið.

Stanna Heitrad.

Björn E. Ólafsson

Andri B. Sævarsson

Ulfur

Targret Tryggvadóttir